

Tölvupóstur frá Viðari Halldórssyni f.h. FH til bæjarfulltrúa – Aðstöðumál Kaplakriki

From: Viðar Halldórsson [<mailto:vidar@fh.is>]

Sent: fimmtudagur, 6. júlí 2017 12:18

To: Adda María Jóhannsdóttir <addamaria@hafnarfjordur.is>; Einar Birkir Einarsson <einarbirkir@hafnarfjordur.is>; Elva Dögg Ásud. Kristinsdóttir <elvak@hafnarfjordur.is>; Guðlaug Kristjánsdóttir <gudlaugk@hafnarfjordur.is>; Gunnar Axel Axelsson <gunnaraxel@hafnarfjordur.is>; Helga Ingólfssdóttir <helgai@hafnarfjordur.is>; Kristinn Andersen <kristinna@hafnarfjordur.is>; Margrét Gaua Magnúsdóttir <mgm@hafnarfjordur.is>; olafur.arnarsson@inhekk.is; 'Olafur Ingi Tomasson' <ingitomm@simnet.is>; Rósa Guðbjartsdóttir <rosa@hafnarfjordur.is>; Unnur Lára Bryde <unnurlara@hafnarfjordur.is>

Cc: Haraldur Líndal Haraldsson <hlh@hafnarfjordur.is>; Geir Bjarnason <geir@hafnarfjordur.is>

Subject: Aðstöðumál Kaplakriki

Sæl aftur,

Neðanmáls er tölvupóstur sem ykkur var sendur 23. júní s.l. vegna knattspyrnuaðstöðunnar hér í Kaplakrika, lokaorðin í tölvupósti þessum voru eftirfarandi:

Beiðni okkar Fimleikafélagsfólks til stjórnenda Hafnarfjarðarbæjar:

Skýrsla íþróttafulltrúa sýnir svart á hvítu vandann hér í Kaplakrika, hann þarf að leysa og ákvarðanataka þarf að liggja fyrir ekki seinna en október á þessu ári. Við FH-ingar erum tilbúnir að taka þátt í viðræðum eins og ávallt til lausnar. Óskum eftir að þið bæjarfulltrúar komið að málinu með lausnir í huga, reynum að setja fortíðina til hliðar. Ef einhverjir kjörnir fulltrúar telja að sá vandi sem fram kemur í skýrslu íþróttafulltrúa sé e-ð sem við getum beðið með að leysa eða sé í raun ekki til staðar væri best að fá það fram, við skiljum og vitum að það er ýmislegt annað sem gera þarf í stóru sveitarfélagi.

Setjum strax saman starfshóp kjörinna fulltrúa meiri- og minnihluta (og/eða embættismanna) og okkar FH-inga með það að markmiði að fá lausn á aðstöðuvandanum hér í Kaplakrika með sameiginlegu átaki Hafnarfjarðar og Fimleikafélagsins, það er þá niðurstaða ef kjörnir fulltrúar telja að ekkert þurfi að gera í Kaplakrika.

Kveðja og von um skjót viðbrögð!

Því miður hefur undirritaður eða aðrir fulltrúar FH ekki fengið nein viðbrögð við ofangreindri beiðni hvorki skriflega né munnlega. Vera má að ykkur bæjarfulltrúum þyki mál þetta ekki þess virði að það sé skoðað eða það sé það neðarlega á einhverjum "forgangi" hjá ykkur að það flokkist sem seinni tíma mál.

Með tölvupósti þessum vill undirritaður gera enn eina tilraunina til að koma á samræðum við kjörna fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar, ítreka ofangreinda beiðni.

Á næstu 2-3 vikum mun aðalstjórn Fimleikafélagsins þurfa að taka ákvarðanir varðandi fyrirkomulag æfinga knattspyrnunnar innan FH veturinn 2017/2018, við þá ákvörðunartöku koma margar breytur til skoðunar en nú stefnir allt í að æfingum verði fækkað og/eða iðkendafjöldi verði takmarkaður, við verðum þá fyrsta boltaíþróttafélagið á Íslandi sem takmarkar iðkendafjölda.

Meðfylgjandi er þarfagreining Geirs Bjarnasonar íþróttafulltrúa, en niðurstaða hans er einföld, á mannamáli þá er Fimleikafélagið að fá **30% af aðstöðuþörf sinni frá Hafnarfjarðarbæ, íþróttabænum.**

Meðfylgjandi til upplýsinga og jafnvel fróðleiks er pistil sem birtist á heimasíðu FH skrifaður af undirrituðum, “Hugleiðingar um knattspyrnuáðstöðu”.

Með kveðju,

Viðar Halldórsson

Formaður FH

697 6800

vidar@fh.is

Ágætu bæjarfulltrúar,

Eins og ykkur er kunnugt sat undirritaður bæjarstjórnarfund í Hafnarborg í fyrradag, reyndar fram á kvöld. Eins og ávallt komu fram ýmsar skoðanir og hin málin rædd vítt og breitt. Ástæða setu minnar er ykkur ljós og ætla ég hér að gera það mál sem er hjarta mínu næst aðeins skil.

Hvað er úrlausnarefnið frá sjónarhorni Fimleikafélags Hafnarfjarðar?

Mikil iðkendaaukning og aukinn áhugi barna og unglunga á iðkun knattspyrnu hefur leitt af sér vanda sem er aðstöðuleysi, vandi sem við ættum að telja jákvæðan. Geir Bjarnason íþróttafulltrúi hefur greint þennan vanda og komist að niðurstöðu í ágætis skýrslu sem þið öll hafið undir höndum. Niðurstaðan á mannamáli, í Kaplakrika vantar ígildi rúmlega eins knattspyrnuvallar og á Ásvöllum er vöntunin ígildi hálfknattspyrnuvallar. Vandamál þetta átti að vera ykkur ljóst um nokkurt skeið en við FH-ingar höfum nú í nokkur ár kynnt ykkur bæði þörfina og reyndar lausnir á nokkrum fundum sem við höfum átt með ykkur. Okkar kynningar hafa gengið út á þær hagkvæmustu lausnir sem völ er á bæði hvað varðar stofnkostnað og rekstrarkostnað. Lausnir okkar hafa einnig boðið upp á aðkomu félagsins í stofnkostnaði.

Næstu skref okkar FH-inga:

Ljóst er að næsta vetur mun knattspyrnan innan FH búa við þrengsli hvað varðar keppnis- og æfingaaðstöðu, gott og vel, þröngt mega sáttir sitja og fjárhagslega munum við komast í gegnum afborganir og rekstur knattshúsanna ásamt því að þurfa að setja fjármuni í leiguaðstöðu í öðrum sveitarfélögum (fjárhagshliðin er nefnd hér vegna þess að með allri þeirri tímanotkun sem félagið sjálft þarf fækkar alltaf þeim útleigutímum sem við gerðum ráð fyrir í upphaflegum áætlunum). Öllum innan félagsins er ljóst að við munum eingöngu fara inn í einn vetur á þeim nótum sem við höfum leikið eftir s.l. 2-3 ár og munum að öllum líkindum gera næsta vetur.

Framkvæmdir, hvort sem er útivallargervigras með öllu því sem því tilheyrir eða knattspyrnuskjól, kalla á undirbúning og framkvæmdatíma. Ef horft er til þess tíma sem til þarf til undirbúnings er ljóst að nú stýttist í þann tíma sem við höfum til ákvarðanartöku um framkvæmdir sem ljúka þarf haustið 2018 þannig að árið 2018 verði ekki árið sem knattspyrnan innan FH neyðist til aðgerða sem eingöngu koma niður á börnum og unglungum Hafnarfjarðar með einum eða öðrum hætti.

Beiðni okkar Fimleikafélagsfólks til stjórnenda Hafnarfjarðarbæjar:

Skýrsla íþróttafulltrúa sýnir svart á hvítu vandann hér í Kaplakrika, hann þarf að leysa og ákvarðanataka þarf að liggja fyrir ekki seinna en október á þessu ári. Við FH-ingar erum tilbúnir að taka þátt í viðræðum eins og ávallt til lausnar. Óskum eftir að þið bæjarfulltrúar komið að málinu með lausnir í huga, reynum að setja fortíðina til hliðar. Ef einhverjir kjörnir fulltrúar telja að sá vandi sem

fram kemur í skýrslu íþróttafulltrúa sé e-ð sem við getum beðið með að leysa eða sé í raun ekki til staðar væri best að fá það fram, við skiljum og vitum að **Beiðni okkar Fimleikafélagsfólks til stjórnenda Hafnarfjarðarbæjar:**

Skýrsla íþróttafulltrúa sýnir svart á hvítu vandann hér í Kaplakrika, hann þarf að leysa og ákvarðanataka þarf að liggja fyrir ekki seinna en október á þessu ári. Við FH-ingar erum tilbúnir að taka þátt í viðræðum eins og ávallt til lausnar. Óskum eftir að þið bæjarfulltrúar komið að málinu með lausnir í huga, reynum að setja fortíðina til hliðar. Ef einhverjir kjörnir fulltrúar telja að sá vandi sem fram kemur í skýrslu íþróttafulltrúa sé e-ð sem við getum beðið með að leysa eða sé í raun ekki til staðar væri best að fá það fram, við skiljum og vitum að það er ýmislegt annað sem gera þarf í stóru sveitarfélagi.

Setjum strax saman starfshóp kjörinna fulltrúa meiri- og minnihluta (og/eða embættismanna) og okkar FH-inga með það að markmiði að fá lausn á aðstöðuvandanum hér í Kaplakrika með sameiginlegu átaki Hafnarfjarðar og Fimleikafélagsins, það er þá niðurstaða ef kjörnir fulltrúar telja að ekkert þurfi að gera í Kaplakrika.

Kveðja og von um skjót viðbrögð!

Það er ýmislegt annað sem gera þarf í stóru sveitarfélagi.

Setjum strax saman starfshóp kjörinna fulltrúa meiri- og minnihluta (og/eða embættismanna) og okkar FH-inga með það að markmiði að fá lausn á aðstöðuvandanum hér í Kaplakrika með sameiginlegu átaki Hafnarfjarðar og Fimleikafélagsins, það er þá niðurstaða ef kjörnir fulltrúar telja að ekkert þurfi að gera í Kaplakrika.


Kveðja og von um skjót viðbrögð!

Viðar Halldórsson

Formaður FH

697 6800

vidar@fh.is



Virus-free. www.avast.com

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)